

## AUGLÝSING

### um breytingu á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2009-2010, sbr. auglýsingu nr. 573/2009.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með síðari breytingum hefur menntamálaráðherra hinn 10. september 2009 samþykkt breytingu á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2009-2010 samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Breytingarnar voru samþykktar af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hinn 9. september 2009 og taka gildi þegar í stað.

*Menntamálaráðuneytinu, 10. september 2009.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Baldur Guðlaugsson.*

#### Fylgiskjal.

#### Breyting á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2009-2010.

1. Grein 3.1.1. orðast svo:  
Öll aðstoð til framfærslu á námstíma skólaárið 2009-2010 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er 120.720 kr. (sjá nánar fylgiskjal I) eða 18.108 kr. fyrir hverja ECTS-einingu sem námsmaður lýkur.
2. 2. mgr. greinar 3.3.1. orðast svo:  
35% tekna námsmanns á árinu 2009 umfram 750.000 kr. koma til frádráttar á námsláni. Í þeim tilfellum þegar veitt eru makalán koma 35% sameiginlegra tekna hjóna/einstaklinga í staðfestri samvist/einstaklinga í skráðri sambúð á árinu 2009 umfram 1.125.000 kr. til frádráttar. Frádrætti vegna tekna skal að jafnaði dreift jafnt á 60 ECTS-einingar.
3. Á eftir grein 3.3.1. kemur ný grein, svohljóðandi:  
**3.3.2. Komið úr námshléi.**  
Heimilt er að fimmfalda frítekjumark námsmanns sem kemur úr námshléi, sbr. gr. 3.3.1., enda liggja fyrir að hann hafi ekki verið í námi sl. 6 mánuði. LÍN áskilur sér rétt til að óska eftir gögnum því til staðfestingar ef þess er talin þörf.
4. Greinarnúmer greina 3.3.2. – 3.3.4. breytast til samræmis við breytingar skv. 3. lið.
5. Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. greinar 4.2.2.:  
Í stað hlutfallstölunnar „60%“ kemur: 50%.
6. Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. greinar 4.3.:  
Í stað fjárhæðarinnar „6.782 kr.“ kemur: 8.142 kr.
7. Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. greinar 4.5.:  
Í stað fjárhæðarinnar „3.756 kr.“ kemur: 4.507 kr.